

Nr. 4.  
27. jan.

## Lög

um

kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landssjóðs.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til þess að kaupa eimskip, alt að 800 smálestir að stærð, sjerstaklega útbúið til vöruflutninga, og taka lán í því skyni, eftir því sem þörf krefur.

2. gr.

Skipið skal haft til strandferða kringum landið, að minsta kosti 7—8 mánuði á ári, og til millilandaferða hinn tíma ársins, samkvæmt ferðaáætlun, er stjórnin semur eftir tillögum Alþingis.

3. gr.

Öll útgjöld til útgerðar skipsins skal veita í fjárlögum, enda renni allar tekjur þess í landssjóð.

4. gr.

Landsstjórnin ræður farstjórn skipsins, og annast farstjórnin ráðningu yfirmanna þess og útvegar afgreiðslumenn á þeim höfnum, er skipið kemur á.

5. gr.

Landsstjórnin ákveður fargjöld og farmgjöld eftir tillögum farstjórnar.

6. gr.

Farstjórnin skal halda nákvæman reikning yfir öll útgjöld og allar tekjur skipsins og rita hann í bók, er landsstjórnin löggildir til þess. Fyrir marsmánaðarlok

ár hvert skal farstjórnin hafa sent landsstjórninni nákvæman reikning, með fylgiskjöllum, Nr. 4. fyrir næstliðið almanaksár, og sýni hann glögglega allan fjárhag skipsútgerðarinnar, 27. jan. Reikningur þessi skal endurskoðaður á skrifstofu þeirri í stjórnarráðinu, er samgöngumálin heyra undir. Úrskurðar landsstjórnin reikninginn.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 27. janúar 1917.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

Jón Magnússon.